

## FUNDARGERÐ

Fundur nr. 38 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 16. mars 2020 kl. 12:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarasdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Birna Vídó Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson, Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Arnar Pétursson sat fund gegnum síma.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins var einn dagskrárliður:

1. **Covid-19.**

Stjórnarformaður fór yfir drög að nokkrum sviðsmyndagreiningum vegna stöðunnar sem komin er upp vegna Covid-19. Forsendubrestur er orðinn hvað varða sértekjur félagsins. Áætlað er að farþegum fækki um 80-90% þá mánuði sem samkomubannið stendur yfir, og yfir árið 60-65%.

*Stjórnin þakkar stjórnarformanni yfirferðina. Ljóst er að rekstur félagsins verður mjög þungur á árinu og þarf að bregðast við því. Stjórnin felur stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að funda með Vestmannaeyjabæ sem fyrst til að fara yfir stöðuna og næstu skref.*

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 17. mars 2020.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 13:00.

Fundargerð ritaði Agnes Einarasdóttir.